



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 1. tbl. 15. árg

Skólabyrjun 2025

Góðan dag kæru forráðamenn Glerárskóla



Verið öll hjartanlega velkomin til nýs skólaárs í Glerárskóla. Nú þegar engar framkvæmdir eru á húsnæði skólans er fullt af framkvæmdum við skólalóðina okkar sem er reyndar mikið gleðiefni. Verið er að byggja upp geysilega flott svæði með stórum kastala, rólum, hringekjum og mörgu fleiru sem hannað var samkvæmt óskum nemenda og starfsfólks. Einnig er verið að vinna að grænu svæði sunnan A-álmú skólans sem verður bæði notalegt og skemmtilegt, með hengirólum, grillhúsi og nýjum hjólafestingum svo eitthvað sé nefnt. Skólalóðin okkar verður því hin glæsilegasta þegar framkvæmdum líkur og er vert að fagna því. Það er líka gott að halda áfram að minna krakkana okkar á að fara varlega í kringum framkvæmdirnar á meðan á þeim stendur því aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Við eigum nú góðan og fallegan skóla sem státar af frábæru starfsfólki, góðum nemendum og flottum forráðamannahópi auk þess sem umhverfi hans verður með allra besta móti von bráðar. Getur ekki verið betra.

Skipulag skólans verður svipað og áður, kennslustundir hefjast kl. 8:15 á morgnana og líkur á mismunandi tíma eftir árgöngum.

Hér á eftir koma nánari upplýsingar um allt skipulagið og fleira sem gott er að rifja upp og hafa í huga við skólabyrjun.

Glerárskóli heldur áfram að leggja mikla áherslu á faglega þáttinn í skólastarfinu. Kennarar vinna eins og alltaf að því að efla læsi og dýpka skilning nemenda á eigin námi.

Leiðsagnarnámið er þar efst á baugi ásamt jákvæðum aga og fagkennslu en með því að efla fjölbreytta kennsluhætti í skólanum leitumst við eftir að efla sjálfstraust nemenda svo þeir verði ábyrgari gagnvart eigin námi, hegðun og samskiptum.

Á komandi skólaári vinna kennarar einnig af miklum móð við endurskoðaða aðalnámskrá grunnskóla.

Allt starfið byggir á menntastefnu Akureyrarbæjar, aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Glerárskóla en menntastefnan og skólanámskráin verða nú teknar til endurskoðunar.

Í ofanálæg reynum við alltaf okkar besta til að kenna nemendum Glerárskóla að taka ábyrgð á eigin lífi og gjörðum, eins og áður var nefnt, leita lausna á verkefnum sem upp koma í lífi þeirra, ræða saman og sýna umhyggju og kærleika gagnvart öðrum.



Glerárskóli heldur áfram að vera stoltur Grænfánaskóli og því stöndum við vörð um nærumhverfi skólans og vonum að bæði nemendur, starfsmenn og forráðamenn séu meðvitaðir um umhverfismál, umgengni, flokkun og endurnýtingu.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk vikupósta frá kennurum.

Við þökkum magnaða samvinnu á liðnum árum og förum full tilhlökkunnar inn í komandi skólaár. Með jákvæðni og samheldni tekst okkur að efla frábæran skóla fyrir krakkana okkar svo þeir styrkist í hverju skrefi.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Hrafnhildi og Lilju

Skólasetning Glerárskóla 2025-2026

Skólasetning Glerárskóla verður **föstudaginn 22. ágúst 2025** í íþróttasal skólans eða á körfuboltavelli (fer eftir veðri).

Skólasetningin verður sem hér segir:

2. - 4. bekkur	kl. 9:00
5. - 7. bekkur	kl. 10:00
8. - 10. bekkur	kl. 11:00



Að setningu lokinni fara nemendur í raðir og arka síðan með umsjónarkennurum í stofur og fá upplýsingar um skólastarfið.

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar verða boðaðir til viðtals þann 22. ágúst 2025.

Tölvupóstur um það kemur strax eftir helgina.

Mánudaginn 25. ágúst 2025 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 10. bekk.

Nokkrar hagnýtar upplýsingar í skólabyrjun

Skólahúsnæði Glerárskóla opnar klukkan **7:50 á morgnana**. Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagur hefst klukkan 8:15 á morgnana hjá 1. - 10. bekk.

Skóla lýkur kl.13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15.

ATH! Staðfesta þarf skráningu nemenda í frístund fyrir 20. hvers mánaðar.

Skóladagurinn er mislangur hjá 5. - 7. bekk eftir dögum og á unglingastigi fer það eftir valgreinum hvers og eins hversu langur dagurinn er.



Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á mikilvægi þess að börnin séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift. Einnig bendum við á að nemendur taka með sér heim aftur einnota umbúðir ef þeir koma með slíkt í skólann undir nesti og hvetjum við forráðamenn til að senda nemendur með sem minnst af slíkum umbúðum en nota frekar margnota box og brúsa.


Bendum einnig á að Glerárskóli er hnetulaus skóli að öllu leyti og því stranglega bannað að koma með mat í skólann sem inniheldur hnetur eða möndlur.

Nemendum er ekki leyfilegt að yfirgefa skólalóðina á skólatíma.

Matartímar eru þrískiptir í skólanum frá kl. 11:05 og allt til kl. 12:30.

Allar upplýsingar um skráningar í ávaxta - og mjólkuráskrift er hægt að fá hjá ritara (sjá pósta frá ritara).

Matur í hádegi er gjaldfrjálss fyrir alla nemendur. Skráning verður áfram með óbreyttu sniði, þ.e. forráðamenn skrá börn sín í gegnum Völu-skólamatur og birtist þá 0 kr. kostnaður við þá skráningu. Þeir sem eru skráðir nú þegar þurfa ekki að skrá sig aftur.



Alla aðstoð má fá hjá ritara skólans: brynja@akmennt.is eða 461-2666.

Áskriftin kostar eftirfarandi 2025:

Mjólkuráskrift kr. 955 (pr. mánuð)

Ávaxtaáskrift kr. 2.162 (pr. mánuð, heill ávöxtur á dag)

Veðurfar á haustin er oft með ýmsum hætti hér á Íslandi eins og við öll vitum. Þessa fyrstu mánuði skólaársins fara nemendur mikið út, bæði í kennslu og að sjálfsögðu í frímínútum. Við biðjum forráðamenn að sjá til þess að nemendur séu klæddir eftir veðri og að alltaf séu aukaföt í skólatöskunni hjá þeim yngri, sérstaklega ef mikil bleyta er úti.

Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að **Infomentor** en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Infomentor opnar fyrir forráðamenn þann 22. ágúst 2025. Á heimasíðu Glerárskóla, undir flípanum Foreldrar, má finna notendahandbók Infomentor fyrir aðstandendur nemenda.

Innganga nemenda í skólann er á tveimur stöðum:

Inngangur við B-álmur: 1. - 4. bekkur

Inngangur við íþróttahús: 5. - 10. bekkur

Ath! Nemendur mega að sjálfsögðu ganga inn um hvorn innganginn sem er en skóhillur fyrir bekkina eru eins og áður er nefnt.



Opnunartími skrifstofu Glerárskóla

Frá og með ágúst 2025 verður skrifstofa skólans opin virka daga sem hér segir:


Mánudaga frá kl. 07:50 - 16:00

Þriðjudaga frá 7:50 - 15:00

Miðvikudaga frá 7:50 - 16:00

Fimmtudaga frá 7:50 - 14:30

Föstudaga frá 7:50 - 14:00



Í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Umsjónarkennarar og stofur 2022-2023

1. bekkur	Heimir Freysson	B7
2. bekkur	Helga Ingadóttir	B3
3. bekkur	Hólmfríður Guðnadóttir	B4
4. bekkur	Inga Huld Pálsdóttir og Kristín Guðrúnardóttir	B6 og B8
5. bekkur	Elín Elísabet Magnúsdóttir og Erna Kristín Kristjánsdóttir	D6 + D8
6. bekkur	Hanna Rós Jónasdóttir	D5
7. bekkur	Íris Dröfn Hafberg og Jóhann Ingi Einarsson	D7 + D9
8. bekkur	Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason	A4 og A6
9. bekkur	Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir	D2
10. bekkur	Arna Ýr Guðmundsdóttir og Ragnar Logi Búason	D1 og D3
	Stoðþjónusta verður í öllum álmu skólans	
	List-og verkgreinar	1.h. A
	ÍSAT kennsla	Smiðja
	Frístund	C
	Náttúrufræði 6. - 10.b.	A2
	Iðjupjálfi, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur	1.h. D



Starfsmannamál - bjóðum nýtt starfsfólk velkomið

Á komandi skólaári bætast a.m.k. sjö starfsmenn í hópinn okkar í Glerárskóla. Þetta eru:

G. Erla Erlingsdóttir, stuðningur í skóla og frístund
Snæfríð Egilson, frístundafulltrúi Glerárskóla
Veronika Smirnova, skólaliði og stuðningur í frístund
Þ. Máni Pétursson, gæsla/stuðningur í íþróttahúsi, skóla og frístund

Auk þeirra bætast í hópinn okkar (ráðningar enn í vinnslu):

Deildarstjóri forvarna- og frístundamála
Félagsmálafulltrúi Glerárskóla
Starfsfólk í félagsmiðstöð
Aðstoðarmatráður og starfsfólk í frístund



Reglur um farartæki á hjólum

Að öllum líkindum verður haustið ljúft og gott svo nemendur geti nýtt sér farartæki á hjólum til að koma í skóla og fara heim úr skóla. Við viljum minna á þær reglur sem um slík farartæki gilda og finna má á heimasíðu skólans.



Allir nemendur skulu nota hjálma og eingöngu nýta farartækin til að koma í og fara heim frá skóla. Einnig skal brýna fyrir nemendum að **setja hjólin í hjólagrindur og alls ekki beint fyrir framan innganga að skólanum.**

Við bendum forráðamönnum á að ef nemendur af einhverjum ástæðum eru á leiguhlaupahjólum, sem nú er hægt að leigja hér á Akureyri, eru þeir **alfarið á ábyrgð forráðamanna þar sem aldurstakmark á þeim hjólum er 18 ár.**

Sjá má á heimasíðu skólans myndband með reglum um notkun rafhlaupahjóla frá Samgöngustofu og reglur skólans um notkun farartækja á hjólum.

Bendum sérstaklega á að enn eru framkvæmdir í kringum Glerárskóla og því enn vert að brýna fyrir börnunum að fara eftir reglum, fara varlega og sýna mikla aðgát.

Framkvæmdir í Glerárskóla og bílastæði

Eins og áður er nefnt verða framkvæmdir á skólalóð Glerárskóla a.m.k. fram eftir hausti. Einhver vinnutæki gætu því verið á ferðinni sem vert er að benda nemendum á að passa sig vel á.



Líkt og áður bendum við öllum á að nýta bílastæðin vel, bæði þau sem eru sunnan við skólann en einnig þau sem eru ofan við Klappir. Við minnum forráðamenn á að **nota sleppisvæðið** ef nemendum er ekið í skólann en aka ekki inn á bílastæðið (nema að leggja bílnum í stæði) og sleppa þeim þar því það getur reynst hættulegt.



Aka skal inn á bílastæði sunnan skólans við Árholt og út við Klappir.

Þar sem við vitum ekki nákvæmlega hvenær framkvæmdum lýkur þurfum við að sýna þolinmæði en það verður gaman þegar allt verður tilbúið á skólalóðinni. Allar nánari upplýsingar má fá hjá skólastjóra.

Helstu atburðir í ágúst og september 2025

Ágúst 2025	
22. ágúst	Skólasetning
25. ágúst	Skóli hefst samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 10. bekk
28. ágúst	Útivistardagur - Frístund opin
September 2025	
2. september	6. bekkur Húni II
8. september	Dagur læsis
16. september	Dagur íslenskrar náttúru
26. september	Evrópski tungumáladagurinn
Óákveðin dagsetning	Í september verða kynningar umsjónarkennar fyrir forráðamenn um skólastarfið en dagsetningar verða gefnar út síðar. Einnig verður námskeið í Jákvæðum aga en dagsetning kemur síðar.

Símafrí í grunnskólum Akureyrarbæjar

Til upprifjunar minnum við alla á að í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar er símafrí.

Ekki er gert ráð fyrir að nemendur í 1. - 7. bekk komi með síma eða símaúr í skólann.



Nemendur í 8. - 10. bekk geta skilið símann/úrin eftir heima eða sett í þar til gerða hirslu til geymslu yfir daginn hjá umsjónarkennara og sótt að skóla loknum. Á föstudögum fá nemendur í 8. - 10. bekk að nota símann í frímínútum en þess á milli er hann hafður í geymslu.

Gott væri að forráðamenn færu yfir þetta með nemendum fyrir skólabyrjun.

Viljum einnig benda á að þegar forráðamenn eiga leið í skólann eru þeir vinsamlegast beðnir að vera ekki í símanum í skólanum.

Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.

Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í **1-2 daga** þarf að hafa samband



við umsónarkennara til að fá slík leyfi. **Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.**

Ef um **3 daga** eða lengri leyfi er að ræða þarf að **sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans.**

Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.



Minum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. **Athugið að skrá/tilkynna þarf veikindi daglega.**

Húnaferð 6. bekkinga

Þriðjudaginn 2. september 2025 fara 6. bekkingar í árlega sjóferð með Húna II kl. 8:30.

Rúta sækir nemendur en þeir ganga eða taka strætó heim.

Sjóferðin er í boði Hollvina Húna, Háskólans á Akureyri og Fræðslusviðs Akureyrarbæjar.

Ferðir með Húna II eru afskaplega skemmtilegar og fræðandi fyrir krakkana og því þakkarvert að fá að fara í slíkar ferðir.

Allar nánari upplýsingar koma frá umsónarkennurum þegar nær dregur.



Október 2025

Í byrjun október, nánar tiltekið þann 1. október komandi, er skipulagsdagur í Glerárskóla. Þann dag er skólafrí hjá nemendum og frístund er lokuð.

Fimmtudaginn 2. október og föstudaginn 3. október eru þemadagar í skólanum þar sem við breytum Glerárskóla í ævintýraheim Hogwarths skóla. Nánar þegar nær dregur.



7. bekkur fer í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði dagana 13. - 16. október en sú ferð er ævinlega hin besta skemmtun og mikill lærdómur. Meira um það seinna.

Þann 20. október og 21. október er síðan haustfrí í grunnskólum Akureyrar. Þá daga er enginn skóli fyrir nemendur en frístund er opin fyrir skráða nemendur.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin virka daga sem hér segir:

Mánudaga frá kl. 07:50 - 16:00

Þriðjudaga frá 7:50 - 15:00

Miðvikudaga frá 7:50 - 16:00

Fimmtudaga frá 7:50 - 14:30

Föstudaga frá 7:50 - 14:00

Í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli